

4. Auglýsing um að skip þau, er eiga heima í lýð-
stjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen, ^{1860.}
og í stórhertogadæminu Oldenburg, seu undan-
þegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Ís-
lands og Færeyja. 30. janúar.

Eptir skýrslu utanríkisstjórnarinnar sæta dönsk skip sömu kjörum um alla verzlunartolla og skipagjöld í lýðstjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen, og í stórhertogadæminu Oldenburg, og þau skip er þar eiga heima.

Fyrir því skulu upp frá þessu skip þau, er eiga heima á þessum stöðum, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, vera undan þegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konungsúrskurði 1. apríl. 1856, sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörst hérmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Stjórn dómsmálanna, 30. dag janúarmánaðar 1860.

Rotwitt.

5. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og konsúls og stórkaupmanns C. P. A. Kochs í Kaupmannahöfn, um póstgufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, árið 1860. 4. febrúar.

1. gr. Eg undirskrifaður konsúl og stórkaupmaður, C. P. A. Koch, skuldbind mig til að hafa skrófu-gufuskip úr fyrsta flokki, sem taki hërumbil 400 enskar lestir, í förum, sem póstskip milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, og láta það á yfirstandanda ári fara sex ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, og á leiðinni koma við í Þórshöfn. Ferðum þessum skal, að svo miklu leyti því verður við komið, hagað verða eptir áætlun þeirri, sem hér fylgir fyrir árið 1860.

1860.

4. febrúar.

2. gr. Eg skuldbind mig til á hverri ferð milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, fram og aptur, að koma ætíð við í Þórshöfn á Færeyjum, til að skila og taka við póstbréfum og farþegum; eg skuldbind mig enn fremur til að koma við í Vestmannaeyjum, ef það ekki tefur fyrir, til að skila póstbréfum í eyjar þessar og taka aptur við þeim þaðan. Aptur áskil eg mér rétt til, ef að skipið, vegna storms ellegar annara óumflýjanlegra hindrana, þegar það kemur til Íslands, ekki getur lagt inn í Reykjavík hættulaust, að skila póstbréfunum í Hafnarfirði; og skulu þau þá á kostnað stjórnarinnar verða flutt þaðan til Reykjavíkur. Eg áskil mér enn fremur rétt til, bæði á leiðinni til Íslands og þaðan aptur, að koma við á öðrum höfnum, og líka til að koma við á öðrum höfnum á Íslandi en í Reykjavík.

3. gr. Á hverri ferð skal eg ætla nægilegt rúm fyrir póstbréfin til Færeyja og Íslands og þaðan aptur. Sem póstbréf skulu talin aðeins sendibréf og konungleg erindismál, þar á móti eru smábögglar og annað, sem vant er að senda með böggla-pósti, samningi þessum óviðkomandi; þesskonar sendingum tek eg við og sendi, og verður að borga undir þær eptir verðlagi, sem eg set.

4. gr. Póstbréfin skulu á kostnað stjórnarinnar flytjast á skip og af.

Hin íslenzka stjórnardeild í Kaupmannahöfn skal, að minnsta kosti 8 dögum áður en skipið er ferðbúið, látin vita, hvaða dag og klukkustund skipið á að fara af stað; formaður gufuskipsins skal sömuleiðis strax, og ef þess er unnt innan 24 stunda, eptir að hann er kominn til Íslands, láta stiptamtanninn í Reykjavík vita, hvaða dag og stund hann muni fara aptur. Bæði hin íslenzka stjórnardeild og stiptamtmaðurinn skulu sjá svo um, að póstbréfin verði komin út á skipið á þeim tiltekna tíma.

Þar á móti skulu póstbréfin í Þórshöfn vera komin á skip innan þriggja stunda eptir að skipið er þangað komið, án nokkurrar sérstakrar vörunar. Skyldi skipið nokkru sinni þurfa að bíða eptir póstbréfum, skal stjórnin greiða mér fyrir bið þessa 150 dali fyrir hverjar 24 stundir, og eptir tiltölu fyrir styttri tíma.

5. gr. Skyldi eg ekki hafa skipið ferðbúið á þeim tíma,

1860.

4. febrúar.

sem það á að fara hëðan, er eg skuldbundinn til að láta sama eða annað óaðfinnanlegt gufuskip fara hëðan innan 14 daga, og þar að auk til að greiða bætur, eptir því sem óvilhallir menn ákveða, ef bið þessi er mër að kenna.

6. gr. Hvert sinn og skipið fer frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands er eg skyldur til, ef stjórnin krefst þess, að taka þrjá farþega, og á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum, eptir ósk hlutaðeigandi amtmanna, tvo frá Íslandi og einn frá Færeyjum, fyrir 25 rd. fyrir hvern farþega til Íslands, og þaðan, og 20 rd. fyrir hvern til Færeyja og þaðan aptur.

7. gr. Á ferðunum frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands skal stjórnin og hafa rétt til að ráða yfir 24 lesta rúmi í skipinu, samtals fyrir allar ferðirnar, og skal það vera komið undir samkomulagi milli stjórnarinnar og útgjörðarmanns skipsins, hvað mikið af rúmi þessu er notað í hvert skiptið. En á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum geta hlutaðeigandi amtmenn að eins ráðið yfir tveggja lesta rúmi kauplaust í hvert skipti, á þann hátt, að amtmáðurinn á Færeyjum ætíð hafi rétt til að ráða yfir hálfu lestarúmi að minnsta kosti.

Allt það rúm í skipinu, sem ekki er áskilið stjórninni, eins og að ofan er greint, hef eg rétt til að nota sjálfur, þó með þeim hætti, að skipið sé létt og haganlega hlaðið, eptir þeim tíma árs, sem ferðirnar eru farnar á. Stjórnin, eða hlutaðeigandi amtmenn, hafa ekki rétt til að leigja burt neitt af rúmi því, sem þeim er áskilið, þar á móti áskil eg mër rétt til, að hagnýta það af þessu rúmi, sem ekki er haft í þarfir stjórnarinnar.

8. gr. Afferma skal og ferma á hentugum stað, og skal skipstjórnin gaumgæfilega sjá um póstsekkina; hann skal og gæta þess, að skipverjar fari varlega með vörur þær og góz, er flytja skal á skip og af, svo að ekkert fari að forgörðum af hirðulausri meðferð. Verði nokkrar slíkar skemmdir, skal skipstjórnin og *in subsidium* útgerðarmaður skipsins bæta það að óvilhallra manna dómi.

9. gr. Skipsleigan fyrir allar ferðirnar er 10,000 rd. R. M., sem dómsmálastjórnin á að ávísa mër til borgunar í

1860. ríkisfèhirzlunni eptir rættri tiltölu, í hvert sinn og skipið kemur
4. febrúar. aptur til Kaupmannahafnar.

Stjórnin skal og við lok hverrar ferðar bæta mèt lestar-
afgjald það, sem eg bæði hér, á Færeyjum og á Íslandi, hef
orðið að greiða fyrir skipið, eptir reikningi.

10. gr. Á Íslandi og Færeyjum er skipið undanþegið að
greiða hafnargjald.

11. gr. Týnist skipið eða verði fyrir haftjóni, skal farið
eptir lögum og venju.

Þannig samið í tvennu lagi í dómsmálastjórninni 4. fe-
brúar 1860.

Rotwitt.

Sem útgjörðarmaður:

C. P. A. Koch.

Áætlan

um ferðir hins íslenska póstgufuskips, „Arcturus”, fyrir
árið 1860.

1. ferð. Frá Kaupmannahöfn: fyrst í marz, frá Reykjavík:
seinast í marz.

2. ferð. Frá Kaupmannahöfn: í miðjum apríl, frá Reykja-
vík: í miðjum maí.

3. ferð. Frá Kaupmannahöfn: fyrst í júní, frá Reykjavík:
seinast í júní.

4. ferð. Frá Kaupmannahöfn: í miðjum júlí, frá Reykja-
vík: fyrst í ágúst.

5. ferð. Frá Kaupmannahöfn: fyrst í september, frá Reykja-
vík: seinast í september.

6. ferð. Frá Kaupmannahöfn: í miðjum október, frá
Reykjavík: í miðjum nóvember.

Athugasemdir.

- 1) Allt með því skilyrði, að skipinu ekki hlekkist á.
- 2) Ef isalög skyldu hindra skipið meir en 14 daga, verða aðeins
fimm ferðir farnar.
- 3) Póstbréfin til Kaupmannahafnar frá Reykjavík verða að vera til-
búin þar daga þá, er hér greinir: 24. marz, 6. maí, 19. júní,
2. ágúst, 24. september og 6. nóvember.